

þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 73/1979. **Friðrik Adolfsson**
 gegn
Halldóru L. Helgadóttur
Guðlaugi Hermannssyni og
Birni Hermannssyni, tollstjóra
í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Friðrik Adolfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. maí 1979.

Nr. 115/1977. **Gjafar h/f**
 (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
 (Benedikt Blöndal hrl.).

Váttrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júní. Dómkröfur áfrýjanda eru, að stefnda verði gert að greiða honum 2.750.000 krónur með 8% ársvöxtum frá 19. mars 1973 til 16. maí s. á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 28. apríl 1976, 15¾% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 21½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gjafar h/f, greiði stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 4. mars 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. desember 1975, og var málið þingfest 9. janúar 1976.

Stefnandi málsins er Gjafar h/f, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.750.000 með 8% ársvöxtum frá 19. mars 1973 til 16. maí 1973, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 28. apríl 1976 og með 15¾% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu og sé þá tekið tillit til þeirrar peningagreiðslu, sem stefndi hefur innt af hendi undir rekstri málsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

II.

Í stefnu málsins segir svo:

„Stefnandi kveður málavexti þá, að er m.b. Gjafar VE 300 fórst við strand 22. febrúar 1973, var hann í váttryggingarábyrgð hjá stefndu. Í október 1972 hafði verið beðið um að færa bátinn í hæstu leyfða tryggingu, sem var þá 25% ofaná tryggingamat fjárhæðanefndar, og skyldi svo verða áfram. Miðað við áramót var samkvæmt þessu skylt að hækka interessutryggingu bátsins í kr. 38.750.000.00, sem ekki var gert, heldur báturinn aðeins hækkaður í kr. 37.875.000.00, þannig að á vantar kr. 875.000.00 samkvæmt því, að báturinn sé áfram í fullri tryggingu svo sem um var beðið. Frá og með 23. febr. 1973 hafði fjárhæðanefnd ákveðið 5% hækkun á váttryggingarverðmæti báta og þar með Gjafars VE 300, sem var vegna gengislækkunar og hækkana á skipaverði. Þessa hækkun hefur stefnandi ekki fengið, en hún nemur kr. 1.937.500.00. Þá dróst fram eftir árinu 1973 að gera upp váttryggingarbæturnar, og hefur félagið ekki viljað greiða vexti í samræmi við ákvæði laga um váttryggingarsamninga, sem stefnandi hefur reiknað fram til uppgjör fór fram 9. ágúst 1973, að nemi kr. 1.007.200.00. Samkvæmt þessu reiknar stefnandi inneign sína hjá félaginu framangreindar kr. 875.000.00 plús kr. 1.937.500.00 plús kr. 1.007.200.00, sem samanlagt gerir umstefnda skuld, kr. 3.819.700.00. Stefndu hafa ekki fengist til að greiða framangreindar kröfur, og er því mál þetta höfðað.“

Sáttaumleitanir dómsins leiddu til þess, að í þinghaldi 21. febrúar 1977 greiddi stefndi stefnanda kr. 790.922. Jafnframt var lýst yfir af lögmanni stefnda: „Stefndi viðurkennir, að honum beri samkvæmt 24. gr. laga nr. 20/1954 að greiða stefnanda vexti frá 2. apríl 1973. Stefndi greiðir nú kr. 790.922.00, sem felur í sér áætlaða vaxtafjárhæð auk inneignar Gjafars h.f. á viðskiptareikningi, kr. 90.017.00.“

Frekari sættir náðust ekki, en þetta varð m. a. til þess, að stefnandi breytti kröfum sínum á þann veg, sem lýst hefur verið í kafla I hér að framan. En kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Vangreiddar bætur vegna húftryggingar
(32.500.000 ÷ 31.000.000) kr. 1.500.000

2. Vangreiddar bætur vegna hagsmunatryggingar
(interessutryggingar) (8.125.000 ÷ 6.875.000) . . kr. 1.250.000

Kr. 2.750.000

Þórarinn Gísli Jónsson, starfsmaður stefnanda, hefur í bréfi til lögmanns stefnanda skýrt svo frá:

„Í október 1972 bað Rafn Kristjánsson, skipstjóri og útgerðarmaður, mig að taka við umsjón Gjafars h.f., Vestmannaeyjum, sem var eigandi að m/b Gjafari VE 300. Rafn var þá kominn á sjúkrahús í Reykjavík, helsjúkur. Rafn bað mig einnig að athuga með sölu á bátnum. Eftir að ég hafði tekið þetta að mér, fór ég á skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands (23.10.1972) og ræddi þar við hr. Hannes Sigurðsson, fulltrúa. Í ljós kom, að báturinn var tryggður sem hér segir:

Húftrygging samkv. mati fjárhæðanefndar, skírteini nr. 324324/202576, útg. 28/2'72, gildir frá 1/1'72 — 31/12'72	kr. 25.000.000.00
Hækkun á húftryggingu samkv. mati fjárhæðanefndar, skírt. nr. 329707/207962, útgefið 21/9'72, gildir frá 1/9 — 31/12'72	— 2.500.000.00

Húftrygging samtals kr. 27.500.000.00

Kaskointeressutrygging, skírt. nr.

327035/205290, útg. 14/6'72, gildir 1/1'72 — 31/12'72	kr. 2.000.000.00
Hækkun á skírt. 327035, sem gildir frá 18/5'72 — 31/12'72	— 1.000.000.00

Samtals trygging kr. 30.500.000.00

Tryggingu þessa taldi ég of lága, bæði vegna öryggis útgerðarinnar og vegna væntanlegrar sölu bátsins, þar sem tryggingarverð hefur mjög afgerandi áhrif á hámarkssöluverð skipa. Ég bað því um, að báturinn yrði nú þegar hækkaður í tryggingu í það hámark, sem hann mætti vera og yrði áfram í því, eða 25% ofan á tryggingarmat fjárhæðanefndar eins og það er á hverjum tíma. Hannes Sigurðsson lofaði að sjá um þetta, og samkvæmt bréfi, dags. 25. 10. 1972, er staðfest, að interessutrygging er hækkuð frá 23/10'72 um kr. 3.875.000.00, eða í 25% kr. 6.875.000.00. Þá taldi ég, að báturinn væri í fullri tryggingu, eins og hægt væri að fá hann tryggðan, eða kr. 34.375.000.00 við alaskaða.“

Hér fyrir dómi hefur Þórarinn Gísli m. a. skýrt svo frá: „Ég fór á skrifstofu Sjóvá og átti þar samtál við Hannes Þ. Sigurðsson. Ég man ekki til þess, að þar væru aðrir viðstaddir, sem hlýddu á mál okkar. Ég fékk að sjá, á hvað báturinn var tryggður. Ég sá, að hann var ekki fulltryggður samkvæmt þeim reglum sem um þetta gilda. Þarna kom í ljós, að 25% hagsmunatrygging hafði ekki verið nýtt til fulls, og ég bað um, að hún yrði hækkuð í 25%. Við tókum ákvörðun um hækkunina. Ég man, að Hannes vildi „rúnna“ fjárhæðina af, en ég lagði áherslu á að miða nákvæmlega við prósentuna. Hannes samþykkti að hækka trygginguna á hagsmunatryggingunni í 25% af váttryggingu skipsins samkvæmt ákvörðun fjárhæðanefndar. Ég man ekki eftir neinni sérstakri yfirlýsingu frá Hannesi um, að hann gæfi loforð um, að hagsmunatryggingin á m/s Gjafari skyldi í framtíðinni jafnan vera 25% af váttryggingarverði skipsins, en ég gekk út frá því, að samtalið hefði leitt til þess, að slíkt samkomulag hefði komist á á milli mín og Hannesar. Mér var um það kunnugt á þessari stundu, að útgerðin átti ráð á því, hvort hagsmunatryggingin væri tekin eða ekki. Ég hef séð um bókhald fyrir Gjafar s/f og síðar Gjafar h/f frá 1954. Ég var búinn að vera framkvæmdastjóri Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja í um tæp 6 ár, þegar þetta skeði. Var ég því nokkuð kunnugur báta- og skipatryggingum. Ef slíkt mál hefði komið fyrir í mínu starfi sem framkvæmdastjóra Bataábyrgðarfélagins, þá hefði ég talið mér skylt að hækka hagsmunatrygginguna á hverjum tíma í samræmi við hækkunir á váttryggingarverði í þeim tilfellum, þar sem útgerð hefði óskað eftir 25% hagsmunatryggingu. Samkvæmt þessu var ég grandalaus fyrir því, að hagsmunatryggingin var ekki ákveðin 25% af váttryggingarverði skipsins. Tel ég því, að stefndi hafi lækkað trygginguna frá því, sem umsamið var. Ég vissi úr mínu starfi, að alltaf var verið að breyta váttryggingarfjárhæð skipa, og þess vegna vildi ég miða hagsmunatrygginguna við 25% af váttryggingarfjárhæð skipsins, en ekki „rúnna“ hana af, eins og Hannes vildi. Ég neitaði því, að hún yrði „rúnna“ af, enda var það ekki gert. Hannes tók ekkert fram í okkar samtali, að ég þyrfti að gefa sérstaka yfirlýsingu um hækkun hagsmunatryggingar, ef fjárhæðanefnd breytti váttryggingarfjárhæð skipsins. Ég taldi því, að samkomulag væri um, að hagsmunatryggingin yrði ávallt 25% af váttryggingarverði skipsins.“

Hannes Þ. Sigurðsson, deildarstjóri stefnda, kveðst hafa hitt Þórarin G. Jónsson á skrifstofu stefnda í október 1972. Jafnframt

skýrir hann svo frá: „Ég kynnti Þórarni þáverandi váttryggingarverðmæti bátsins, og ákvað hann þá þegar að nýta þann möguleika, sem fyrir hendi var, að hækka interessutryggingu skipsins upp í þá fjárhæð, sem hæst var þá leyfilegt að taka, en það er 25% af húftryggingarverðmæti. Þessi fjárhæð nam kr. 3.875.000, og var váttryggingarskírteini gefið út samkvæmt því. Með þessari viðbót var váttryggingarverðmæti interessu skipsins alls kr. 6.875.000. Hins vegar kannast ég ekki við að hafa lofað að sjá svo um, að interessan væri jafnan í hámarki, enda aldrei farið fram á það við mig. Eins og kunnugt er, þá er eigendum skipa í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa interessutryggingu fyrir skip sín eða ekki. Það er reynslan, að mjög margir gera það, en aðrir alls ekki. Interessutryggingarnar, sem keyptar eru, þurfa ekki að vera í hámarki, og eru það í mörgum tilvikum alls ekki. T. d. má geta þess, að interessutrygging Gjafars var fyrir árið 1970 að fjárhæð kr. 2.000.000, en mátti vera kr. 4.825.000, og árið 1971 kr. 2 milljónir, en mátti vera kr. 5.750.000. Þegar Þórarinn ákvað hækkunina, var tryggingin að fjárhæð kr. 3.000.000. Með beinu tilliti til mismunandi sjónarmiða hinna ýmsu eigenda báta og skipa, sem váttryggð eru og hafa verið hjá Sjóváttryggingarfélaginu, hefur aldrei skapast sú regla, að félagið hækkaði sjálfkrafa eða einhliða án fyrirmæla eigenda interessutryggingu hinna ýmsu skipa, hvað þá að nokkrir eigendur hafi gefið þau fyrirmæli, að interessan skyldi jafnan vera í hámarki. Hér er um að ræða frjálsa tryggingu, sem eigendur verða að gefa fyrirmæli um að hækka, ef fjárhæðanefnd fiskiskipa hefir séð ástæðu til hækkunar húftryggingarverðmæti skipa. Fáum við ekki slík fyrirmæli, þá helst interessuupphæðin óbreytt og framlengist samkvæmt því. Frá 1. janúar 1973 hækkaði húftryggingarverðmæti Gjafars úr 27.5 milljónum í 31 milljón. Sjóváttryggingarfélaginu bærust engin fyrirmæli um að hækka interessutrygginguna, og þess vegna var interessutryggingin framlengd óbreytt, eins og hún hafði áður verið.“

Hér fyrir dómi hefur Hannes lýst ofangreinda skýrslu rétta, en jafnframt neitað því, að hann hafi lofað Þórarni, að stefndi hækkaði hagsmunatrygginguna í hámark á hverjum tíma, enda hafi Þórarinn ekki sett fram beiðni um slíkt í samtalinu.

Hannes skýrir svo frá, að frá 25. október 1972 hafi ný skírteini ekki verið gefin út fyrr en 31. mars 1973, en skipið hafi þá verið á strandstað. Skipið hafi ekki náðst af strandstað, en einhverju af tækjum og öðru lauslegu hafi verið bjargað úr því.

Hannes kveðst sjálfur hafa gefið út skírteinin hinn 31. mars 1973 án samráðs við starfsmenn stefnanda. Hann segir, að stefndi muni ekki hafa sent útgerð bátsins sérstaka tilkynningu um nýjar tryggingarfjárhæðir frá 1. janúar 1973, þar til skírteinin voru gefin út 31. mars 1973. Þá segir hann: „Eftir að það kerfi var tekið upp, að fjárhæðanefnd fiskiskipa tók að ákvarða váttryggingarverðmæti, þá hvarf alveg það persónulega samband, sem váttryggjendur höfðu við eigendur skipanna varðandi ákvörðun váttryggingarfjárhæðanna hverju sinni.“

Við samprófun hélt Þórarinn G. Jónsson því fram, að hann hefði ekki haft tækifæri til að kvarta við stefnda yfir rangri fjárhæð hagsmunatryggingarinnar, vegna þess að dráttur hefði orðið á hjá stefnda að gefa út skírteini, en Þórarinn kveðst ekki hafa vitað um breytt váttryggingarverð skipsins, þegar það strandaði.

III.

Í málinu liggur frammi bréf, dagsett 19. janúar 1977, frá Tryggingasjóði fiskiskipa, undirritað af Jóni E. Þorlákssyni tryggingafræðingi. Þar segir m. a.:

- „1. Fjárhæðanefnd var stofnuð í desember 1968 í samræmi við tillögur nefndar, er fjallaði um váttryggingu fiskiskipa og Tryggingasjóð fiskiskipa. Fjárhæðanefnd hefur ekki laga-grundvöll að standa á annan en þann, sem fram kemur í síðustu málsgr. 4. gr. laga nr. 5 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ekkert hefur reynt á. Um starf nefndarinnar er samkomulag milli ráðuneytis, Landssambands ísl. útvegsmanna og tryggingafélaga, og hefur það gengið snurðulaust frá upphafi.
2. *Starfshættir* nefndarinnar hafa mótast smám saman. Nefndin sló því föstu þegar í upphafi, að váttryggingarfjárhæðir, sem hún ákvarðaði, væru ekki endanlegar, þannig að skips-eigandi og váttryggingarfélag gætu komið sér saman um að váttryggja skipið hærra (viðbótartrygging), sem næmi allt að 25%, enda greiddi skipseigandi sjálfur iðgjald af viðbótartryggingu. Sömuleiðis að váttryggingarfélag væri ekki bundið við að váttryggja skip eins hátt og nefndin ákvarðaði, ef félag telur það óráðlegt, t. d. ef skip rýrnar skyndilega að verðmæti, verður vélarvana eða er tekið úr notkun. Nefndin hefur við ákvarðanir sínar aðallega hliðsjón af verði nýrra skipa og markaðsverði skipa, sem skipta um

eigendur innanlands. Ákvarðanir um váttryggingarfjárhæðir tekur nefndin fyrir hver áramót, þannig að nýtt verð gengur í gildi á áramótum. Auk þess hefur nefndin sum ár orðið að hækka váttryggingarverðið á öðrum tímum vegna gengisbreytinga og verðbólgu, stundum jafnvel tvisvar á ári. Ef endurbætur eru gerðar á skipi, veitir nefndin hækkun á váttryggingarverði út á það, enda hefur hún trúnaðarmenn, sem meta verðmætisaukningu vegna endurbóta.

3. *Tilkynningar* frá nefndinni um ákvörðun váttryggingarverðs eru sendar tryggingafélögunum, Fiskveiðasjóði Íslands, Landsbanka Íslands og stundum fleiri aðilum. Nefndin hefur beint því til tryggingafélaga (munnlega), að þau láti skipaeigendur fylgjast með, hvað gerist í þessum efnun, enda er það nauðsynlegt, til þess að þeir geti tekið afstöðu til þess, hvort þeir telja sig þurfa viðbótartryggingu.
4. Hinn 23. febrúar 1973 ákvað nefndin almenna hækkun á váttryggingarverði skipanna vegna hækkunar á verði erlends gjaldeyris (Bandaríkjadollar féll um 10% 12. febrúar, og ísl. króna fylgdi honum). Á lista, sem nefndin gaf út um nýtt váttryggingarverð, var *m/b Gjafar VE 300* með, en báturinn mun hafa strandað aðfararnótt 22. febrúar 1973. Um þetta tilvik er fjallað í bréfi Sjóváttryggingarfélags Íslands til Fjárhæðanefndar, dags. 9. mars 1973, og svarbréfi nefndarinnar, dags. 27. mars 1973, og vísast til þess.“

Í málinu liggur frammi afrit af bréfi Fjárhæðanefndar fiskiskipa til stefnda, dagsett 27. mars 1973. Þar segir m. a. svo:

„Vér höfum áður tekið fram, að ef tryggingafélag telur váttryggingarverð, sem Fjárhæðanefnd ákveður, of hátt af einhverjum ástæðum, t. d. vegna þess að skipi hafi verið lagt eða hafi rýrnað að verðmæti, þá telst félagið ekki bundið af ákvörðun nefndarinnar. En nefndin óskar að fá vitneskju um öll slík tilvik.

Þegar Fjárhæðanefnd ákvað hækkun á váttryggingarverði skipanna þann 23. febrúar s.l., var henni ekki kunnugt um, að svo stórvægilegar skemmdir hefðu orðið á *m/b Gjafari*, sem síðar kom í ljós. En vér teljum, að Sjóváttryggingarfélag Íslands hafi haft fullan rétt til að hækka ekki váttryggingarverð umrædds skips þann 23. febrúar og að það hafi verið eðlileg afstaða hjá félaginu.“

Hinn 8. janúar 1973 ritaði Fjárhæðanefnd fiskiskipa bréf til stefnda, þar sem fram er tekið: „Fjárhæðanefnd hefur ákveðið váttryggingarfjárhæðir fiskiskipa váttryggðra hjá félagi yðar, sem

gilda skulu frá 1. janúar 1973, eins og segir í eftirfarandi skrá:“ Í skránni er váttryggingarverð Gjafars, VE 300, tilgreint kr. 31.000.000.

Í bréfi, dagsettu 27. febrúar 1973, til stefnda tilkynnir Fjárhæðanefnd fiskiskipa: „Fjárhæðanefnd hefur frá og með 23. þ. m. ákveðið hækkun á váttryggingarverði stálfiskiskipa yfir 100 lestir að stærð, sem greiðslur úr Tryggingarsjóði miðast við. Hið nýja váttryggingarverð er á eftirfarandi skrá.“ Í skánni er váttryggingarverð Gjafars, VE 300, tilgreint kr. 32.500.000.

Í málinu liggja frammi fjögur skjöl, sem eru útfyllt form fyrir váttryggingarbeiðnir. Formin eru útbúin af stefnda og útfyllt af starfsmanni eða starfsmönnum stefnda. Ein þessara beiðna er dagsett 23. október 1972 og undirrituð af GPÖ, sem mun vera Guðni Þ. Guðmundsson. Hljóðar beiðnin um hækkun á interessu-tryggingu fyrir Gjafar, VE 300, í kr. 6.875.000.

IV.

Krafa stefnanda þess efnis, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda kr. 1.250.000 til viðbótar þegar greiddri hagsmunatryggingu (interessutryggingu), er af hálfu stefnanda studd þeim rökum, að Þórarinn G. Jónsson hafi óskað þess í áður-greindu samtali við Hannes Þ. Sigurðsson, deildarstjóra stefnda, að hagsmunatryggingin skyldi vera svo há sem reglur frekast leyfðu, þ. e. 25% af húftryggingarverði skipsins, svo sem Fjárhæðanefnd ákvarðaði það hverju sinni. Þórarinn hafi gagngert farið á aðalskrifstofu stefnda til þess að biðja um þessa tryggingu. Hafi hækkun á hagsmunatryggingunni verið samþykkt úr kr. 3.875.000 í kr. 6.875.000. Staðfesting hafi síðan komið frá stefnda um þessa hækkun nokkru síðar, og skyldi váttrygging þessi standa til loka ársins 1972. Nýtt váttryggingartímabil hafi hafist 1. janúar 1973. Samkvæmt 3. gr. váttryggingarskilmálanna hafi váttryggingartaki og félagið í byrjun váttryggingartímabilsins átt að koma sér saman um váttryggingarverðið. Starfsmenn stefnda hafi ekki haft neitt samband við starfsmenn stefnanda og ekkert nýtt skírteini hafi verið gefið út í byrjun ársins, þrátt fyrir það að Fjárhæðanefnd hafi með bréfi til stefnda, dags. 8. janúar 1973, tilkynnt nýtt húftryggingarverð, kr. 31.000.000, á Gjafari, VE 300. Þegar báturinn strandaði, hafi stefndi ekki enn verið búinn að gefa út nýtt skírteini um hagsmunatryggingu bátsins. Það hafi stefndi fyrst gert hinn 31. mars 1973 og þá án samráðs við starfsmenn stefnanda. Í þessu skírteini hafi váttrygg-

ingarfjánhæð hagsmunatryggingarinnar verið sú sama og var í skirteininu, sem gildi til áramóta 1972/1973, þ. e. kr. 6.875.000, þrátt fyrir það að þá hafi húftryggingarverð bátsins samkvæmt bréfi Fjánhæðanefndar frá 27. febrúar 1973 verið komið í kr. 32.500.000. Samkvæmt því hafi hagsmunatryggingin átt að vera 25% af þeirri fjánhæð, eða kr. 8.125.000, en ekki kr. 6.875.000. Af hálfu stefnanda er lögð áhersla á, að stefndi hafi brotið mjög af sér í samskiptum við stefnanda með því að láta hjá líða að gefa út nýtt skirteini í byrjun árs 1973, svo sem gert sé ráð fyrir í 3. gr. váttryggingarskilmálanna. Ef stefndi hefði látið gera ný skýrteini varðandi húftryggingu og hagsmunatryggingu skipsins, hefði stefnandi getað kannað, hvort rétt váttryggingarverð var sett á hagsmunatrygginguna. Þórarinn G. Jónsson hafi mátt treysta því, að hagsmunatryggingin yrði jafnan 25% af húftryggingarfjánhæð skipsins. Með því að stefndi hafi þannig þverbrotið skyldu sína til að hafa samráð við starfsmenn stefnanda og ekki gefið út skirteinið fyrr en 31. mars 1973 og þá andstætt vilja og óskum stefnanda, verði stefndi að sæta því, að fjánhæð hagsmunatryggingarinnar verði ákveðin kr. 8.125.000. Beri því að taka þennan kröfulið stefnanda til greina. Verði ekki á þetta fallist, beri að miða hagsmunatrygginguna við 25% af kr. 31.000.000, sem Fjánhæðanefnd ákvarðaði sem húftryggingarverð skipsins 8. janúar 1973, en samkvæmt því ætti fjánhæð hagsmunatryggingarinnar að vera kr. 7.750.000. Þennan kröfulið ætti því að taka til greina með að minnsta kosti kr. 875.000 ($7.750.000 \div 6.875.000$). Því er sérstaklega mótmælt af stefnanda, að áðurgreind beiðni Guðna Þ. Guðmundssonar, starfsmanns stefnda, geti haft nokkur áhrif á úrslit þessa máls, þar sem hann hafi ekki verið á fundi þeirra Hannesar Þ. Sigurðssonar og Þórarins G. Jónssonar, og hljóti skjalið að hafa verið samið eftir upplýsingum Hannesar.

Varðandi hinn kröfulið stefnanda er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með því að stefndi hafi ekki gefið út nýtt skirteini fyrir húftryggingu skipsins fyrr en skipið var strandað, verði að líta svo á, að um óverðsett skirteini sé að ræða í lögskiptum aðilja, sbr. 75. gr. laga nr. 20/1954. Verði samkvæmt því að leggja verðmæti skipsins til grundvallar bótum vegna húftryggingarinnar. Fjánhæðanefnd hafi hinn 23. febrúar 1973 ákveðið húftryggingarverð skipsins kr. 32.500.000 og þá hækkun, sem þar komi fram á váttryggingarverðinu, byggi nefndin m. a. á gengislækkun 12. febrúar 1973. Er því haldið fram af stefnanda, að

augljóst sé, að hækkun hafi orðið á verðmæti skipsins samkvæmt mati Fjárhæðanefndar, áður en það strandaði hinn 22. febrúar 1973. Beri því að miða húftryggingarbæturnar við kr. 32.500.000, en ekki kr. 31.000.000, sem nefndin úrskurðaði 8. janúar 1973. Mismunur þessara fjárhæða nemi kr. 1.500.000, sem stefnda beri að greiða.

V.

Af hálfu stefnda er öllum kröfum stefnanda mótmælt. Er því í fyrsta lagi mótmælt, að stefndi hafi lofað stefnanda því, að trygging skipsins skyldi jafnan vera í hámarki, enda hafi ekki verið beðið um slíkt og stefnda hvorki verið rétt né skylt að hækka trygginguna einhliða. Þórarinn G. Jónsson, starfsmaður stefnanda, hafi þekkt vel til váttrygginga fiskiskipa. Hafi það verið vilji hans, að hagsmunatrygging Gjafars, VE 300, yrði jafnan í hámarki, þ. e. 25% af váttryggingarverði skipsins samkvæmt ákvörðun Fjárhæðanefndar fiskiskipa, þá hefði honum verið í lófa lagið að setja fram ótvíræða ósk um það, t. d. bréflaga. Það hafi hann ekki gert og í byrjun árs 1973 hafi hann heldur ekki hirt um að hafa samráð við stefnda um nýja fjárhæð í upphafi tryggingartímabilsins. Hagsmunatryggingin sé og hafi verið frjáls trygging, sem skipseigandi ráði algerlega, hvort sé tekin eða ekki. Stefnandi hafi ekki sannað, að hann hafi óskað þess, að hagsmunatrygging yrði ávallt í hámarki. Beri því að sýkna stefnda af þessum kröfuflið.

Stefndi bendir á, að Gjafar, VE 300, hafi verið húftryggður hjá stefnda fyrir kr. 31.000.000 samkvæmt ákvörðun Fjárhæðanefndar, þegar skipið strandaði hinn 22. febrúar 1973. Líta verði svo á, að ákvörðun Fjárhæðanefndar hinn 23. febrúar 1973 um nýtt váttryggingarverð verði að skoða sem beiðni um hækkun váttryggingarverðsins. Þeirri beiðni hafi verið hafnað, enda hafi skipið þá verið strandað. Fjárhæðanefnd hafi fallist á, að synjunin hafi verið eðlileg og tekið hækkunina aftur. Geti stefnandi því engan rétt byggt á ákvörðun Fjárhæðanefndar frá 23. febrúar 1973. Því er haldið fram, að húftrygging skipsins, að fjárhæð kr. 31.000.000, hafi verið samkvæmt verðsettu skírteini í skilningi 75. gr. laga nr. 20/1954. Ef ekki verði litið svo á, þá sé ekki um neinn váttryggingarsamning að ræða. Jafnvel þótt litið væri svo á, að um óverðsett skírteini væri að ræða, þá breyti það engu, þar sem váttryggingarverð skipsins skuli þá samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laganna miðast við verð skipsins „á þeirri stundu, er

ábyrgð félagsins hófst“, en það sé einmitt kr. 31.000.000, þar sem ábyrgðartímabilið hafi hafist 1. janúar 1973.

Til stuðnings sýknukröfu sinni hefur stefndi einnig vitnað til 30. gr. skilmála húftryggingarsamningsins.

Þá hefur stefndi áskilið sér rétt til, ef kröfur stefnanda samkvæmt framansögðu verða teknar til greina að einhverju leyti, að skuldajafna iðgjöldin af tildæmdri tryggingu, miðað við daga-fjölda, við tildæmda kröfu.

VI.

Svo sem áður er fram komið, var Gjafar, VE 300, váttryggður hjá stefnda með tvennum hætti. Var þar um að ræða annars vegar húftryggingu á sjálfu skipinu og hins vegar svokallaða hagsmunatryggingu (kaskointeressutryggingu).

Í 3. gr. váttryggingarskilmálanna fyrir húftryggingunni segir svo:

„Í byrjun hvers váttryggingartímabils skulu váttryggingartaki og félagið koma sér saman um váttryggingarverðið. Það samkomulag er bindandi fyrir báða aðila, nema síðar verði sannað, að verðákvörðunin hafi verið byggð á röngum forsendum. Þó getur váttryggingartaki aldrei breytt váttryggingarverðinu án samþykkis félagsins.

Sé váttryggingarverð lækkað að kröfu félagsins, ber því að endurgreiða hlutfallslega af þeim parti iðgjaldsins, sem reiknaður hefur verið fyrir áhættuna af algeru tjóni.

Til viðbótar húftryggingunni er váttryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kynni að bíða við það, að skipið færir. Váttryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/4 hluti af váttryggingarverði húfsins.“

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja er ljóst, að aðiljar gengu almennt út frá því, að váttryggingarverð húftryggingarinnar skyldi vera það sama og Fjárhæðanefnd fiskiskipa ákvað á hverjum tíma.

Nýtt tryggingartímabil hófst 1. janúar 1973. Þann 8. janúar 1973 ákvað Fjárhæðanefnd váttryggingarverð húftryggingarinnar kr. 31.000.000. Virðist stefndi hafa lagt það verð til grundvallar án samráðs við stefnanda þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skilmálanna um, að aðiljar skyldu koma sér saman um váttryggingarverðið. Var og þess varla að vænta, að samningaumleitarnir um húftrygg-

ingarverðið hefðu þýðingu, þar sem föst venja var um að leggja mat Fjárhæðanefndar til grundvallar. Að fengnu mati Fjárhæðanefndar bar stefnda þó samkvæmt góðri viðskiptavenju að gefa út nýtt skírteini með hinni nýju fjárhæð. Það gerði hann ekki.

Í 75. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga segir svo: „Váttryggingarverð skips er verð þess á þeirri stundu, er ábyrgð félagsins hófst.

Ef kveðið er á um tiltekið verð á skipi, þegar váttryggingarsamningurinn er gerður (verðsett skírteini), er sú verðákvörðun skuldbindandi fyrir félagið, ef það getur eigi sannað, að hið tiltekna verð sé hærra en svo, að sanngjarnt sé að telja það váttryggingarverð skipsins.“

Fjárhæðanefnd ákvað nýtt húftryggingarverð, kr. 32.500.000, fyrir Gjafar, VE 300, hinn 23. febrúar 1973, þ. e. daginn eftir að skipið strandaði.

Eigi verður fallist á það með stefnanda, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda kr. 32.500.000 í húftryggingarbætur. Þykir í því sambandi ekki skipta máli, hvort heldur húftryggingin telst vera samkvæmt „verðsettu skírteini“ eða ekki. Hafi verið um óverðsett skírteini að ræða, þá átti verðið samkvæmt ákvæðum 75. greinar laga nr. 20/1954 að miðast við verð skipsins, þegar ábyrgð félagsins hófst. Telja verður í því sambandi, að ábyrgð félagsins hafi hafist 1. janúar 1973, en ekki er annað fram komið í málinu en að verð skipsins hafi þá verið kr. 31.000.000. Verði hins vegar litið svo á, að um verðsett skírteini hafi verið að ræða, þá var það í upphafi tímabilsins kr. 31.000.000. Eftir að skipið strandaði hinn 22. febrúar 1973 með þeim afleiðingum, að ekki var unnt að bjarga því, varð svo mikil breyting á aðstæðum, að ekki gat komið til hækkunar á húftryggingunni nema með samþykki stefnda. Krafa stefnanda þess efnis, að stefnda sé skylt að greiða kr. 1.500.000 til viðbótar þegar greiddum húftryggingarbótum, verður því ekki tekin til greina.

Í kafla II hér að framan hefur verið gerð grein fyrir skýrslum Þórarins G. Jónssonar og Hannesar Þ. Sigurðssonar um fund þeirra á skrifstofu stefnda í Reykjavík í októbermánuði 1972. Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sannað, að ótvíræð ósk hafi komið fram um það af hálfu Þórarins G. Jónssonar á fundinum, að hagsmunatrygging skipsins skyldi framvegis vera 25% af húftryggingarverði þess, og Þórarinn G. Jónsson minnst ekki neinnar sérstakrar yfirlýsingar frá Hannesi Þ. Sigurðssyni á fundinum þess efnis, „að hann gæfi loforð um, að

hagsmunatryggingin á m/s Gjafari skyldi í framtíðinni jafnan vera 25% af váttryggingarverði skipsins.“

Er þá næst úrlausnarefni, hvort Þórarinn G. Jónsson hafi mátt, eins og á stóð, treysta því, að slíkt samkomulag hafi komist á, eða að stefndi hafi haft í frammi þess konar háttarni í viðskiptum aðiljanna, að honum sé skylt að hlýta því, að fjárhæð hagsmunatryggingarinnar verði ákveðin hærri en kr. 6.875.000.

Er þá fyrst að líta á 3. gr. váttryggingarskilmála hagsmunatryggingarinnar, sem er svohljóðandi:

„Í byrjun hvers váttryggingartímabils skulu váttryggingartaki og félagið koma sér saman um váttryggingarverðið, en það má þó ekki herra vera en 1/4 hluti af váttryggingarverði skipsins, eins og það er ákveðið samkv. 3. gr. í húftryggingarskírteininu.“

Nýtt tryggingartímabil hófst 1. janúar 1973. Að fengnu álitni Fjárhæðanefndar hinn 8. janúar 1973 var, eins og málavöxtum var háttað, eðlilegast, að stefndi hefði samráð við stefnanda um fjárhæð hagsmunatryggingarinnar. Það gerði stefndi ekki. Þá vanrækti stefndi að gefa út nýtt skírteini innan hæfilegs frests, eftir að honum hafði borist tilkynning Fjárhæðanefndar hinn 8. janúar 1973. Á hitt er að líta, að hagsmunatryggingin var frjáls trygging, og ef Þórarinn G. Jónsson vildi tryggja það, að hún væri ávallt í hámarki, þá var honum í lófa lagið að taka af öll tvímæli um það, annað hvort með ótvíræðri og sannanlegri beiðni í upphafi eða með því að óska þess sérstaklega í byrjun hins nýja tryggingartímabils. Þetta vanrækti hann.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir stefnandi ekki hafa fært nægar sönnur að því, að stefnda sé skylt að greiða hærri bætur samkvæmt hagsmunatryggingunni en kr. 6.875.000. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Þrátt fyrir þessi úrslit ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Páli Sigurðssyni dósent.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Gjafari h/f, kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.